

# Starfsfólk í framhaldsskólum og háskólum

- Skráningaratriði fyrir viðfangsefni
- Efni
- Tími
- Áreiðanleiki og öryggismörk
- Samanburður
- Aðgangur að upplýsingum

## 0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

### 0.1 Heiti

Starfsfólk í framhalds- og háskólum

### 0.2 Efnisflokkur

Menntun

### 0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Deild: Laun, tekjur og menntun

Tengiliður: Ásta M. Urbancic

Sími: 528-1041

Tölvupóstfang: [asta.urbancic@hagstofa.is](mailto:asta.urbancic@hagstofa.is)

### 0.4 Tilgangur og aðdragandi

Hagstofa Íslands hefur frá árinu 1998 safnað saman tölfræðilegum upplýsingum um starfsmenn skóla á framhalds- og háskólastigi. Söfnun þessara upplýsinga fer fram á veturna ár hvert og viðmiðunartími er nóvembermánuður. Frumgögn eru fengin frá Fjársýslu ríkisins þegar um ríkisrekna skóla er að ræða og voru áður send til skóla til skoðunar og samþykktar. Skólarnir voru jafnframt beðnir um að bæta við upplýsingum sem ekki fengust frá Fjársýslunni, s.s. um kennsluréttindi starfsfólks við kennslu. Árið 2012 voru gerðar breytingar á gagnasöfnun og hætt að senda gögn um opinbera skóla til skólanna til skoðunar og útfyllingar. Einnig breyttust skilgreingar á nokkrum breytum, sjá neðar. Gögn um einkaskóla koma beint frá viðkomandi skóla og fylla þeir út allar upplýsingar um starfsfólk sitt..

Tilgangur skýrslugerðarinnar er að afla upplýsinga um starfsmenn framhalds- og háskóla, einkum starfsmenn við kennslu, fjölda þeirra, menntun, réttindi og stöðugildi. Einnig um hlut kennslu og rannsókna í starfi starfsmanna þar sem það á við. Gögnin eru notuð við hagsýslugerð bæði til innlendra nota og í alþjóðlegu samhengi.

## **0.5 Notendur og notkunarsvið**

Upplýsingar um starfsmenn á framhalds- og háskólastigi eru grundvöllur upplýsingagjafar til alþjóðastofnana og útgáfu Hagstofunnar um málefni þessara skólastiga. Niðurstöðurnar eru nýttar af mennta- og menningarmálaráðuneyti, fræðasamfélaginu, stjórnendum og starfsmönnum skóla. Notkunin er hvoru tveggja til stefnumótunar og rannsóknarstarfa.

## **0.6 Heimildir**

Aðalheimildir Hagstofu eru skýrslur frá Fjársýslu ríkisins þegar um ríkisrekna skóla er að ræða. Þegar um einkarekna skóla er að ræða er aðalheimildin viðkomandi skóli. Gögnum er safnað á veturna ár hvert með nóvember sem viðmiðunarmánuð. Í þessari gagnasöfnun er aflað upplýsinga um einstaka starfsmenn skóla (þ.e. fengin kennitöluskrá) þar sem fram koma upplýsingar um starfsheiti, menntun, stöðuhlutfall, hlut kennslu, hlut rannsókna og kennsluréttindi þegar það á við.

## **0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð**

Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007; lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008; lög um háskóla nr. 63/2006. Ákvæði í skólasamningum milli mennta- og menningarmálaráðuneytis annars vegar og skóla hins vegar um skil á gögnum til Hagstofu. Ákvæði í lögum um skil á upplýsingum til hagskýrslugerðar.

## **0.8 Svarbyrði við innsöfnun**

Hjá opinberum skólum telst svarbyrði lítil. Svarbyrði er meiri hjá einkaskólum þar sem ekki er hægt að byggja á gögnum frá Fjársýslu ríkisins.

## **0.9 Ákvæði vegna EES og ESB**

Gagnasöfnun um starfsmenn á framhalds- og háskólastigi er í samræmi við staðla evrópsku hagstofunnar Eurostat. Tölulegar upplýsingar eru sendar til Eurostat og annarra alþjóðastofnana.

# **1. Efni**

## **1.1 Efnislýsing**

Skýrslugerðin nær til eftirtalinna atriða sem varða starfsmenn á framhalds- og háskólastigi:

Starfsmaður: Starfsmenn sem þegið hafa laun frá skóla í nóvembermánuði ár hvert. Fjöldi starfsmanna er talinn út frá kennitöluskrá sem annað tveggja berst frá Fjársýslu ríkisins eða beint frá viðkomandi skóla. Upplýsinga um kyn og lögheimili starfsmanns er aflað með samtengingu við þjóðskrá í desember ár hvert.

Starfsheiti: Starfsheiti er flokkað í samræmi við ÍSTARF 95 flokkunarkerfið, sem er byggt á alþjóðlegu flokkunarkerfi starfa ISCO-88. Einkaskólar eru beðnir um að flokka starfsmenn og setja ÍSTARF númer við hvern starfsmann eins og ráðningarsamningur hans segir til um. Fyrir opinbera skóla er notuð starfaflokkun frá Fjársýslu ríkisins frá og með tölum í nýrri tímaröð fyrir starfsfólk í framhaldsskólum frá 2011-2012, sem voru birtar 9.12.2019. Í eldri tölum flokkuðu opinberu skólarnir sína starfsmenn á sama hátt og einkaskólarnir.

Menntun: Spurt er um hæstu menntun sem starfsmaður hefur aflað sér. Menntun þessi er flokkuð eftir alþjóðlega flokkunarkerfinu ISCED97 en einnig er boðið upp á að nota ÍSMENNT2011 flokkunarkerfið frá og með gagnasöfnun fyrir nóvember 2016. Gerður er greinarmunur á einstaka háskólagráðum, s.s. kandídat-, doktors-, diplóma-, bakkalárgráðu eða viðbótarnámi. Frá árinu 2012 eru hjá opinberum skólum notaðar upplýsingar um menntun frá Fjársýslu ríkisins en einkaskólarnir fylla þessar upplýsingar út fyrir sína starfsmenn. Ef upplýsingar liggja ekki fyrir eru notaðar upplýsingar úr öðrum heimildum, t.d. úr menntunarskrá Hagstofunnar.

Kennsluréttindi: Spurt er um kennsluréttindi þegar það á við en slíkt á eingöngu við um kennara á framhaldsskólastigi. Frá árinu 2012 eru upplýsingar um kennsluréttindi starfsfólks í opinberum skólum teknar úr heimildum, t.d. um þá sem hafa leyfisbréf til kennslu, en einkaskólar fylla þessar upplýsingar út fyrir sitt starfsfólk.

Stöðugildi: Stöðugildi er reiknað af Fjársýslu ríkisins fyrir starfsmenn ríkisrekinnna skóla sem þegið hafa laun í nóvember ár hvert. Stöðugildi byggir á upplýsingum úr ársverkagrunni. Stöðugildi getur verið hærra en 1,0 þegar talinn hefur verið heildarvinnutími starfsmanns með yfirvinnu. Stöðugildi hjá stundakennurum eða öðru starfsfólki í tímavinnu reiknast þannig: Fjöldi greiddra klst./fjöldi klst. í 100% starfi. Stöðugildi einkarekinna skóla byggir á sömu forsendu og hér greinir en er reiknað af skólunum sjálfum en ekki af Fjársýslu ríkisins.

Kennsluhlutfall: Reiknað hlutfall kennslu af heildarstöðugildi. Þegar um framhaldsskóla er að ræða er spurt um kennslustundir á viku og gert ráð fyrir að 24 kennslustundir á viku jafngildi einu stöðugildi. Þannig er starf manns sem hefur stöðugildið 1,3 og kennir 31,2 tíma á viku 100% kennsla sbr. =  $(31,2/24) = 1,3$ .

Þegar um háskólakennara er að ræða er miðað við hlutfall kennsluskyldu í ráðningarsamningi, þ.e.a.s. því kennsluhlutfalli sem fylgir starfsheiti. Þannig

hefur prófessor að jafnaði 48% kennsluskyldu af einu stöðugildi en aðjúnktar 65%.

*Rannsóknarhlutfall:* Rannsóknarhlutfall á aðeins við um skóla á háskólastigi og þá starfsmenn sem hafa einhverja rannsóknarskyldu. Rétt eins og um hlut kennslu er rannsóknarhlutfall miðað við ráðningarsamning og starfsheiti. Þannig hafa prófessorar að jafnaði 40% rannsóknarskyldu en aðjúnktar ekki nema 30%. Ef aðrar reglur gilda um rannsóknarhlutfall fylla skólarnir sjálfir út þessar upplýsingar, yfirfara gögn og leiðréttu.

## 1.2 Tölfræðileg hugtök

*Skóli:* Litið er á skóla sem sjálfstæða einingu þar sem nám fer fram. Skóli þarf ekki að vera bundinn húsnæði eða stað. Oftast er skóli þó hefðbundin stofnun á einum stað með skólastjóra sem stjórnanda.

*Starfsmaður:* Einstaklingur sem þegið hefur laun hjá viðkomandi skóla í viðmiðunarmánuði.

*Starfsmaður við kennslu:* Starfsmaður sem þegið hefur laun hjá viðkomandi skóla í viðmiðunarmánuði og hefur starfsheiti sem vísar til kennslu eða stjórnunar á kennslusviði. Í eldri tímaröð fyrir starfsfólk í framhaldsskólum (undir Framhaldsskólastig - eldra efni) voru allir sem tóku að sér einhverja kennslu í viðmiðunarmánuðinum taldir sem kennarar en sumir þeirra höfðu annað aðalstarf en kennslu.

*Starfsmannavelta:* Hlutfall starfsmanna sem starfað hafa í skóla á framhalds- eða háskólastigi eitt ár og koma ekki fram í starfsmannaskrá ári síðar án þess að hafa látist á árinu. Líka kallað brottfall starfsfólks úr starfi.

## 2. Tími

### 2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Óskað er eftir skýrslum einu sinni á ári með nóvember sem viðmiðunarmánuð. Við skýrslugerð er miðað við alla starfsmenn skólans sem þáðu laun í nóvembermánuði. Í gagnasöfnunum fyrir árið 2004 voru aðrir viðmiðunarmánuðir, sjá lið 4.1.

### 2.2 Vinnslutími

Verið er að endurskipuleggja vinnu við tölur um starfsfólk í framhaldsskólum og háskólum. Þessi liður verður uppfærður þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um úrvinnslu þessara gagna.

### 2.3 Stundvísi birtingar

Efni til birtingar er sett á birtingaráætlun á heimasíðu Hagstofunnar með að lágmarki 10 daga fyrirvara áður en efni er birt á vef stofnunarinnar.

## 2.4 Tíðni birtinga

Stefnt er að því að birta niðurstöður gagnasöfnunarinnar árlega en þessar tölur eru ekki á verkefnalista á næstu mánuðum.

Gefin hafa verið út Hag tíðindahefti um *Starfsmenn í framhaldsskólum í mars 2004* og *Starfsfólk við kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum 2000-2005*. Niðurstöður eru jafnframt birtar á vef Hagstofunnar.

## 3. Áreiðanleiki og öryggismörk

### 3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Hagstofan leitar eftir upplýsingum um þá framhalds- og háskóla landsins sem falla undir þekju þessarar gagnasöfnunar, auk gagna frá Fjársýslu ríkisins. Í þekju gagnasöfnunarinnar eru framhaldsskólar, sérskólar og háskólar í hinu opinbera menntakerfi, sem hafa viðurkenningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skil á skýrslum um starfsmenn framhalds- og háskóla í þessari gagnasöfnun hafa verið 100%.

### 3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Markmiðið er að halda skekkjum í lágmarki og er það m.a. gert með samanburði við skýrslugerð fyrri ára, fyrirspurnum til einstakra skóla og samkeyrslu við aðrar skrár Hagstofu, s.s. þjóðskrá með kennitölum starfsmanna og gagnaskrár fyrri ára. Þannig er t.d. leitað upplýsinga í eldri starfsmannaskrár, prófaskrá og menntunarskrá Hagstofu. Skekkjuvalda í gögnum má oftast rekja til ónákvæmra skráninga í frumgögnum. Þá er helst um að ræða að upplýsingar skorti um menntun og/eða kennsluréttindi. Einnig virðist flokkun eftir starfanúmerum vera mis áreiðanleg. Þannig hafa sumir skólar tilhneigingu til að finna starfsmanni starfsnúmer sem lýsir menntun, virðingu eða launum fremur en raunverulegu starfi viðkomandi (t.d. starfsheitið læknir fremur en stundakennari). Skólar hafa stundum takmarkaðar upplýsingar um stundakennara og því getur vantað upplýsingar um menntun þeirra.

Fjöldi starfsmanna í nóvember er talinn endurspeglar starfsmannafjölda skólaársins. Fjöldi starfsmanna á vormisseri er ekki endilega sá sami og að hausti og því kann það að valda skekkju þegar ályktun er dregin um fjölda starfsmanna skólaársins af hausttölunum einum saman. Einnig lenda starfsmenn, sem starfa aðeins stuttan tíma á skólaárinu ekki alltaf inni í gagnasöfnuninni. Tölur um starfsmenn eru stundum bornar saman við tölur um nemendur, en þeim er safnað með 15. október sem viðmiðunardag. Það bætir samanburðarhæfni talnanna að starfsmanna- og nemendagögnum sé safnað á sama misseri.

### **3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar**

Í gagnaöflun um starfsmenn framhalds- og háskóla eru fengnar upplýsingar frá öllum skólum sem falla undir þekju þessarar gagnasöfnunar. Þar sem unnið er með þýðistöfur eru hvorki reiknuð út öryggismörk né gerðar skekkjumælingar.

## **4. Samanburður**

### **4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila**

Gagnasöfnun þessi hefur staðið óslitið frá 1998 en þó ekki með sama sniði og ekki með sama viðmiðunartíma. Árið 1998 var safnað fjöldataölum um starfsfólk í febrúar en ekki kennitölugögnum. Frá árinu 1999 var safnað upplýsingum um starfsfólk eftir kennitölum með febrúar sem viðmiðunarmánuð. Árið 2001 var gagnasöfnunin færð yfir í marsmánuð þar sem í febrúar var í sumum tilfellum verið að gera upp yfirvinnu vegna jólaprófa. Haustið 2004 var svo gagnasöfnunin flutt til nóvembermánaðar til að bæta samræmi við nemendatölur. Árið 2012 var gagnasöfnun breytt þannig að hætt var að senda gögn frá Fjársýslu ríkisins til opinberra skóla til staðfestingar. Einnig var skilgreiningum á kennurum breytt og miðað við starfsheiti en ekki hvort skólinn sagði að viðkomandi starfsmaður hefði stundað kennslu í viðmiðunarmánuðinum. Þá var heimild fyrir gögn um kennsluréttindi breytt. Gögn eru því ekki alls kostar samanburðarhæf á milli ára en í desember 2019 voru gögn um starfsfólk í framhaldsskólum frá 1998-2012, sem var safnað og unnið úr samkvæmt eldri aðferðum sett í möppu undir Framhaldsskólástig - eldra efni.

### **4.2 Samanburður við aðrar hagtölur**

Tölur um starfsfólk framhalds- og háskóla eru birtar á grundvelli skóla, þannig að hver skóli telst aðeins á einu skólástigi, enda þótt hann bjóði upp á nám bæði á framhalds- og háskólástigi. Oftast er skóli talinn vera á sama skólástigi og meirihluti nemenda. Niðurstöður skýrslugerðar um framhalds- og háskóla eru bornar saman við aðrar heimildir og hagtölur eftir því sem við á, svo sem þjóðskrá, nemendaskrá og prófaskrá. Einnig tölur frá öðrum löndum, m.a. í alþjóðlegum ritum. Þekja talna um starfsfólk í framhalds- og háskólum er nokkru minni en þekja talna um nemendur, þar sem ekki er spurt um starfsfólk tónlistarskóla að undanskildum Tónlistarskólanum í Reykjavík og Söngskólanum í Reykjavík. Ekki er heldur spurt um starfsfólk ýmissa lítilla sérskóla sem eru utan hins hefðbundna skólakerfis.

### **4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna**

Ekki eru birtar bráðabirgðatölur.

## **5. Aðgangur að upplýsingum**

### **5.1 Miðlunarleiðir**

Fréttir, birtar á vef Hagstofunnar.

Hagtölur, efnisflokkaðar veftöflur

Hagtíðindi, ritröð

Landshagir, árbók Hagstofu Íslands (síðast árið 2015)

Upplýsingar úr gagnaöflun Hagstofu er að finna í ritum alþjóðastofnana um menntamál s.s. Key data on Education in Europe (útgefandi Eurydice), Education at a Glance (árleg útgáfa OECD) og Global Education Digest (árleg útgáfa UNESCO).

### **5.2 Grunn gögn; varðveisla og notkunarmöguleikar**

Gögnin eru geymd á tölvutæku formi á Hagstofunni. Litið er á gögn um einstaka starfsmenn sem trúnaðarmál. Ekki er veittur aðgangur að gögnunum sjálfum en unnt er að fá unnar tölur að ósk fyrirspyrjenda þar sem niðurstöður eru á samandregnu formi og ekki hægt að þekkja einstaklinga. Vísindamenn geta sótt um aðgang að gögnunum í rannsóknarskyni að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

### **5.3 Skýrslur**

### **5.4 Aðrar upplýsingar**

Frekari upplýsingar má fá hjá ábyrgðarmanni gagna um framhalds- og háskóla og öðrum starfsmönnum deildar Launa, tekna og menntunar.